



Fréttatilkynning

27 May 2025 13:53:00 GMT

Arion banki gefur út græn almenn skuldabréf í norskum og sænskum krónum

Arion banki lauk í dag útgáfu á grænum almennum skuldabréfum (e. senior preferred) til 2,5 ára að fjárhæð 600 milljónir norskra króna og 900 milljónir sænskra króna.

Skuldabréfin bera breytilega vexti sem nema 117 punkta álagi á þriggja mánaða millibankavexti í norskum krónum og 120 punkta álagi á þriggja mánaða millibankavexti í sænskum krónum.

Útgáfan fellur undir sjálfbæra fjármálaumgjörð Arion banka. Í umgjörðinni er með skýrum og gegnsæjum hætti gerð grein fyrir þeim skilyrðum sem lánveitingar bankans þurfa að uppfylla til að teljast umhverfisvænar.

Skuldabréfin verða gefin út undir EMTN-útgáfuramma bankans og er stefnt að töku skuldabréfanna til viðskipta í kauphöllinni í Lúxemborg þann 4. júní 2025.

Samhliða sölu á ofangreindum skuldabréfum bauðst Arion banki til að kaupa til baka skuldabréf útgefin af bankanum annarsvegar í norskum krónum með gjalddaga 18. ágúst 2025 (ISIN: XS2521227459) og í sænskum krónum með gjalddaga 18. ágúst 2025 (ISIN: XS2522075030) á verðinu 100,436. Bankanum bærust gild tilboð að fjárhæð NOK 235 milljónir og SEK 70 milljónir og voru þau öll samþykkt.

Umsjónaraðilar voru DNB Carnegie, Nordea Abp og Swedbank.

Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Theodórs Friðbertssonar, fjárfestatengslum Arion banka, ir@arionbanki.is, s. 856 6760, eða Eiríks Dórs Jónssonar, forstöðumanns fjárstýringar, eirikur.jonsson@arionbanki.is, s. 856 7171

Viðhengi

[Arion banki gefur út græn almenn skuldabréf í norskum og sænskum krónum](#)